

**Ed.**

**619. Nefndarálit**

**[96. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Undirritaður er sammála þeim HV og BrB um, að frumvarp þetta eigi ekki að samþykkjast. Rökstuðningur fyrir því er óþarfur, því að hann er öllum ljós, líka þeim, sem af ýmsum annarlegum ástæðum vilja láta samþykkja frumvarpið.

Fyrir sameinuðu þingi liggur tillaga um, að ríkisstjórnin láti endurskoða skólalöggjöfina. Væntanlega verður sú tillaga samþykkt, þótt svo sé ekki enn, og í von um, að svo verði, tel ég rétt að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún láti athuga málið, um leið og skólalöggjöfin öll verður endurskoðuð. — Fyrir því legg ég til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Páll Zóphóniasson,  
fundaskr.